



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1996  
komudagur 6.5.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og skattanefndar

Reykjavík 4. maí 2010

Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

0911001SA  
Málalykill: 401

### Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldgra heimila - 570. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 28. apríl sl.

#### Um markmið og tilgang frumvarpsins

Frumvarpinu er ætlað að búa til umgjörð um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldgra heimila. Tilgangur rannsóknarinnar er að tryggja stjórnvöldum áreiðanlegar upplýsingar til þess að byggja á ákvarðanir og áætlanir um aðgerðir. Fyrir liggur að rannsóknin tengist sérstaklega áformum um viðtæka greiðsluáðlögun, sbr. þingmál þar að lútandi sem nú eru til meðferðar á Alþingi. Má ætla að rannsóknin geti m.a. varpað ljósi á það hvaða árangri fyrirhugaðar aðgerðir skila.

Lagt er upp með að rannsóknin verði tímabundin og taki til þriggja næstkomandi ára. Óljóst er hins vegar hversu langt aftur í tímann gagnaöflun eigi að ná, en ljóst er að markmið rannsóknarinnar munu ekki nást án samanburðar við tímabilin fyrir fjármálakreppuna.

Gagnaöflun skv. frumvarpinu byggist á því að leggja lagalegar skyldur á skráarhaldara. Nauðsynlegt er að þessar skyldur séu skýrar og afmarkaðar. Framsetning frumvarpsins gagnvart liðnum tímabilum er of óljós og ástæða fyrir efnahags- og skattanefnd að bæta viðmiðum í frv. hvað það varðar.

#### Um skyldur átta stærstu sveitarfélaganna skv. frv.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. frv. eru átta stærstu sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga meðal þeirra lögaðila sem skyldugir verða til þess „að veita umbeðnar upplýsingar á því formi sem ráðherra tiltekur án endurgjalds og innan þeirra tímamarka sem hann ákveður hverju sinni.“

Af hálfu sambandsins er í sjálfu sér ekki gerð athugasemd við að átta stærstu sveitarfélög landsins séu tiltekin með þessum hætti í frumvarpinu, en vísað er til þess að sveitarfélögin munu væntanlega sjálf lýsa viðhorfi sínu til málsins í umsögnum. Bent er þó á að hér er um íþyngjandi skyldu að ræða, sem kalla mun umtalsverða vinnu yfir sveitarfélögin. Sú vinna kemur til viðbótar stórauðni álagi af öðrum verkefnum sem leiða af efnahagsástandinu. Ljóst er að þetta mun hafa áhrif á stjórnslu sveitarfélaganna jafnvel þótt burðug séu. Er óhjákvæmilegt að þessi áhrif verði metin í samræmi við samkomulag dags.



30. desember 2005, um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum.

### Um skyldur Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. frv.

Mjög alvarleg athugasemd er gerð við þá ráðagerð frumvarpsins að Samband íslenskra sveitarfélaga verði meðal lögaðila, sem skylt verði að afla upplýsinga í þágu rannsóknarinnar. Allar forsendur skortir fyrir þessari skyldu, enda heldur sambandið engar skrár með upplýsingum um fjárhagsstöðu einstaklinga eða heimila. Vakin er athygli á því að meðal þeirra gagna sem vísað er til í að safnað verði frá sambandinu, eru þær allra viðkvæmstu persónuupplýsingar sem til eru, þ.e. hvort og þá að hvaða marki einstaklingar og heimili njóta fjárhagsaðstoðar vegna félagslegra aðstæðna af ýmsum toga.

Sérhver meðferð persónugreinanlegra upplýsinga af þessum toga verður að styðjast við skýra lagaheimild en skemmst er frá því að segja að engri slíkri heimild er til að dreifa í tilviki sambandsins. Er af þeim sökum nánast óskiljanlegt að ákvæði þessa efnis hafi ratað inn í frumvarpið, en tekið skal fram að ekkert samráð var haft við sambandið á vinnslustigi þess.

Við meðferð efnahags- og skattanefndar á frumvarpinu, verður að vera alveg skýrt að sambandið getur ekki tekið að sér að afla persónugreinanlegra upplýsinga frá sveitarfélögum, sem lið í umræddri rannsókn. Engar forsendur eru því til þess að nefna sambandið í 2. gr. frv. og einsýnt að sú tilvísun verði tekin út.

### Um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga o.fl.

Hvað varðar upplýsingar um greiddar húsaleigubætur er á það bent, að í dag fer ákvæðin gagnasöfnun fram hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Athugunarvert er fyrir efnahags- og skattanefnd hvort skilvirkara og hagkvæmara sé að afla þessara upplýsinga beint frá sjóðnum, en að hvert hinna átta sveitarfélaga fyrir sig leggi upplýsingarnar til.

Þá er vakin athygli á því að Innheimtustofnun sveitarfélaga er ekki meðal þeirra lögaðila sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gögnum verði safnað frá. Athugunarefni er hvort rétt sé að bæta stofnuninni við upptalningu skráarhaldara í þágu markmiðs rannsóknarinnar, þar eð skuldastaða gagnvart stofnuninni vegur allþungt í fjárhagsstöðu margra einstaklinga og heimila.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Afrit:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, b.t. Elíнар Pálsdóttur  
Innheimtustofnun sveitarfélaga, b.t. Jóns Ingvars Pálssonar